



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Skipulagsstofnun
b/t Einars Jónssonar
Laugavegi 166
150 Reykjavík

	Skipulagsstofnun
Mótt.:	11. feb. 2015
Málnr.	2013/0076

Borg, 6. febrúar 2015

Efni: Athugasemdir við Landskipulagsstefnu 2015-2026.

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps, þann 4. febrúar s.l. var tekið fyrir bréf yðar dagsett 19. desember 2014 þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn sveitarfélagsins um tillögu að Landskipulagsstefnu 2015-2026.

Hér að neðan eru hugleiðingar og eftir atvikum athugasemdir sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps.

Kaflinn um miðhálendið:

1. Nauðsynlegt er að taka tillit til réttar bænda um að nýta afrétt til beitar.
2. Beitarstýring með héraðsáætlun Landgræðslunnar, hvað varð um gæðastýringu í sauðfjárrækt? Er það ekki betra skjal til viðmiðunnar?
3. Kortlagning víðerna, nauðsynlegt er að það skjal fylgi áætluninni svo unnt sé að gera sér grein fyrir hvað átt er við með orðinu „víðerni“.
4. Gerðar eru athugasemdir við hversu víða er vitnað til Sambands íslenskra sveitarfélaga, ekki verður séð að öll þau verkefni sem upp eru talin sem verkefni þeirra falli undir skilgreind verkefni sambandsins.
5. Miðhálendiskaflin tekur mikið mið af ferðaþjónustu og verndaráætlunum. Nauðsynlegt er að heimila lagningu háspennulína og aðrar framkvæmdir er snúa að virkjunum. Ekki verður betur séð en að ef kerfisáætlun fer í gegnum alþingi þá er talsverð þversögn í því sem þar kemur fram og getið er í landsskipulagsstefnu.
6. Verði áætlunin að veruleika er nauðsynlegt að skýra lög um útgáfu korta og kortagrunn þar sem einkaaðilum er frjálst að gefa út kort með hinum fjölmörgu vegum og vegleysum án þess að þar fylgi nokkur ábyrgð.
7. Vegna uppyggings á fjarskiptamálum vísast til þess hvað er víðerni. Nauðsynlegt er að skýra þau svæði á þemakorti svo mögulegt verði að taka afstöðu til hvaða svæða vitnað er til.



GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

Kaflinn um skipulag í dreifbýli:

1. Byggðarþróun í dreifbýli taki mið af aðstæðum hverju sinni og þróun byggðar utan þéttbýlis fái stoð í stefnunni þar sem talsverð ásókn er í þess háttar búsetukost en megin stefið er þéttung byggðar.
2. Nauðsynlegt er að vinna sem fyrst samræmt mat á vistgerðarflokkun og gróðurmáti. Ekki verður séð að heraðsáætlun Landgræðslunnar nái yfir lönd í einkaeigu á láglendi.
3. Flokkun landbúnaðarlands í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga fær ekki staðist og er ekki þeirra verkefni.
4. Rætt er sérstaklega um eflingu ferðajónustu í dreifbýli. Nauðsynlegt er að fjalla um að efla atvinnustarfsemi í dreifbýli og rúmast ferðajónustan þar inni eins og önnur starfsemi sem eflir hinár dreifðu byggðir.
5. Varðandi samgöngur er nauðsynlegt að skilgreina samgönguleiðir á sem víðustum grunni ekki bara ferðamannaleiðir heldur samgönguleiðir almennt, riðandi, gangandi, hjólandi og akandi.
6. Tekið er undir nauðsyn þess að skilgreina við skipulagsgerð náttúruvá en nauðsynlegt er að skilgreina í lögum hver gefur út þess háttar kort eða viðmiðanir, hvort sem er flóð eða aðra vá.

Kaflinn um búsetumynstur og dreifingu byggðar:

1. Enn og aftur er Sambandi íslenskra sveitarfélaga blandað inn í mállefni sem ekki er á þeirra borði nauðsynlegt er að skilgreina þessi verkefni á þær stofnanir sem eiga að sinna þessum verkefnum. Jafnframt er nauðsynlegt að tryggja þeim fjármagn þannig að þetta komist til framkvæmda. Því nauðsynlegt er að halda þessum upplýsingum til haga.
2. Nauðsynlegt er að tryggja vöxt þéttbýliskjarnanna en einnig er nauðsynlegt að byggð þróist í dreifbýli sem valkostur fyrir þá sem það kjósa. Fjölbreytt búsetuform er nauðsynlegt og ekkert því til fyrirstöðu að þróa slíka byggð í tengingu við þegar byggt samgöngukerfi.
3. Landskipulagsáætlun er tæki til að taka á stefnumótun stærri þátta í skipulagi. Það er full langt gengið að það sé hluti stefnunnar að hvetja til útvistar og matjurtaræktunar í þéttbýli.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar


Ingibjörg Hardardóttir, sveitarstjóri